



Fundur í byggingar- og skipulagsnefnd Fljótshrepps í Végarði 30. apríl 2021 kl. 16:00.

Fundarmenn: Eiríkur J. Kjerúlf formaður, Helga H. Vigfúsdóttir, Jón Þór Þorvarðarson og Sveinn Þórarinsson, byggingarfulltrúi.

1. Kynning á gögnum vegna námu í Grjótá.

Kynnt gögn sem send voru til Skipulagsstofnunar vegna námu í Grjótáreyrum. Skipulagsstofnun hefur samþykkt aðalskipulagsbreytinguna og mun birta upplýsingar um hana í B-deild Stjórnartíðinda. Jafnframt var kynnt umsókn frá Landsvirkjun um framkvæmdaleyfi vegna nýtingar námunnar. Í umsókninni kemur fram að efnistaka úr námunni mun fara fram síðla árs 2021 og 2022. Það er hlutverk sveitarstjórnar að veita framkvæmdaleyfi. Byggingar- og skipulagsnefnd telur að undirbúningur undir veitingu þess sé fullnægjandi en bendir á að gjarnan sé afmarkaður gildistíma framkvæmdaleyfis og jafnvel með mögulegri framlengingu þess.

2. Höllustaðir.

Lagðir fram uppdráttir frá Verkráði af íbúðarhúsi og gestahúsi á lóðinni og sótt um byggingarleyfi. Á símafundi 26. mars voru lagðir fram uppdráttir af gestahúsinu og samþykktir en þeir sem nú eru lagðir fram að nýju eru lítillega breyttir. Báðar byggingarnar eru eins uppbyggðar. Þær eru einnar hæðar hús úr timbureiningum á stauraundirstöðum. Útveggir eru úr 45x145 timburgrind, klæddri með 9 mm krossvið að utanverðu og 12mm spónaplötum að innanverðu. Húsin eru klædd að utan með gæsagráu bárujárn. Innveggir eru byggðir upp með timburgrind klæddir með spónaplötum beggja vegna. Þakið er spennubak með 25° halla. Þak er klætt með grænu (Ral 6020) bárujárn. Í íbúðarhúsinu er 26 m² saumastofa í öðrum endanum. Stærðir: Íbúðarhúsið brúttó flatarmál 148 m², brúttó rúmmál 602 m³ og gestastofan brúttó flatarmál 51,6 m², brúttó rúmmál 202 m³. Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti að veita byggingarleyfi fyrir byggingunum.

3. Brekkubær í landi Brekkugerðis.

Þórhallur Jóhannsson leggur fram uppdrátti af einbýlishúsi á 14300 m² lóð í landi Brekkugerðis. Húsið er timburhús á steypum sökklum með steyptri gólfplötu. Í háu þakrými verður aðstaða fyrir tómsundavinnu. Útveggir eru klæddir að utan með standandi timburklæðningu og bárujárn á þaki. Stærðir: Brúttó flatarmál 125,8 m² og brúttó rúmmál 363,1 m³. Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti að veita byggingarleyfi fyrir byggingunni.

4. Glúmsstaðir I

Lögð fram frumdrög af uppdráttum af viðbyggingu við byggingu sunnan og ofan við núverandi íbúðarhús, sem gegnt hefur ýmsum hlutverkum á fyrri tíð. Viðbyggingin er hugsuð sem opin vinnuástaða fyrir tómsundaiðju og jafnvel þurrkun á trjáviði. Um er að ræða opið regnhelt skýli byggt úr timbri á stauraundirstöðum. Stærðir: Brúttó flatarmál 74,4 m². Byggingarnefnd telur að á þessu stigi falli þessi framkvæmd utan krafna um byggingarleyfi þar sem um er að ræða opið skýli. Þetta skýli flokkast í flokk með tjaldskemmum og sauðburðarskýlum sem eru endanþegin byggingarleyfi.

5. Lokaúttekt Brunavarna á Austurlandi á gistiheimilinu við Végarð.

Á síðustu mánuðum hefur verið unnið að úrbótum á brunavörnum í gistiheimilinu við Végarð. Starfsmenn Brunavarna ásamt byggingarfulltrúa mættu í lokaúttekt morguninn 30. apríl. Öllum aðgerðum sem tilgreinar eru í minnisblaði frá 14. des. 2020 er nú lokið. Starfsmenn Brunavarna luku lofsorði á hversu vel var brugðist við nauðsynlegum úrbótum af hálfu eigenda. Nú er ekkert til fyrirstöðu að starfsleyfið sé endurnýjað án athugasemda.

6. Bruni í baðhúsi Óbyggðasafnsins.

Byggingarfulltrúi sagði frá og sýndi myndir frá aðstæðum á brunastað. Slökkviliðið var komið á staðinn 40 mínútum eftir að boð bárust um brunann. Ljóst er að umtalsvert átak er framundan í endurbyggingu til að koma starfsemi í fyrra horf.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 17:00.

Sign. Eiríkur J. Kjerúlf, Helga H. Vigfúsdóttir, Jón Þór Þorvarðarson. Fundarritari: Sveinn Þórarinsson.